

Í nóvember 2020 gaf Umhverfisstofnun út minnisblað um þýrlupallinn í Surtsey og var þar meðal annars hnykt á nauðsyn þess að hafa landingaraðstöðu fyrir þýrlur í eyinni. Í minnisblaðinu segir að þýrlupallurinn hafi verið settur upp fyrir 40 árum en núverandi pallur var undirbúinn og settur upp árið 1993 með aðstoð stórra öflugra þýrlna herliðs Bandaríkjanna sem var hér á landi við æfingar (Northern Viking) og vinnuframlagi Surtseyjarfélagsins og Náttúrufræðistofnunar og því rúmlega 30 ár síðan pallurinn var byggður.

Í minnisblaði UST segir jafnframt að nýr eða stækkaður pallur þurfi að vera 21 x 21 m að stærð og að ekki sé raunhæft að stækka núverandi pall vegna aðstæðna. Lagt er til að þýrlupalli verði frekar valinn nýr staður að tillögu LHG og í samráði við vísindamenn sem stunda gróðurannsóknir í Surtsey. Lagðar eru til tvær nýjar staðsetningar, austur af núverandi landingaraðstöðu.

Í maí 2021 kom síðan út frumathugun á gerð nýs þýrlupalls í Surtsey, gerð af Verkís að beiðni Umhverfisstofnunar. Í greinargerðinni eru viðurkenndir alþjóðlegir staðar um farþegaflug notaðir og ýrustu kröfur gerðar um aðflug og aðra öryggisþætti. Lagt er til að nýr þýrlupallur verði reistur á öðrum tveggja staða sem nefndir eru í minnisblaði Umhverfisstofnunar frá 2020. Helst er litið til þess að gera pall úr forsteyptum einingum og að jarðvinna fari fram með aðfluttum tækjum og vinnuvélum. Hver slík steypueining er um 1500 kg eða nokkurn veginn það sem H225 þýrta ber og þarf 150-160 slíkar einingar til að gera pall sem er 21 x 21 m. Ekki liggur fyrir endanlegt kostnaðarmat á slíkri framkvæmd en að meðtöldum kostnaði við hönnun, eftirlit, efni, undirvinnu og þýrluflutninga (um 150-200 ferðir) er ljóst að um margra tuga milljóna verkefni er að ræða.

Árið 2025 komu flugmenn LHG til Surtseyjar með fólk og vistir og könnuðu aðstæður nánar. Fram kom eindregið að þýrlupallur í Surtsey þyrfti ekki að lúta ströngustu kröfum farþegaflugs heldur væri um að ræða „SpecOps“ landingarstað en að mati flugmannanna væri tvímælalaust vera til mikilla bóta að stækka núverandi pall í 10 x 10 metra. Fjarlægð milli fram og afturhjóla H225 þýrlu er 5,25 m og því mun landing á stækkuðum palli vera bæði öruggari og auðveldari. Sigurður Ásgeirsson flugstjóri hjá LHG lagði til ljósmyndir af sambærilegum landingarstöðum á Grænlandi sem varð kveikjan að neðangreindri útfærslu.

Í fyrstu útgáfu þessa minnisblaðs voru lögð fram einföld drög að stækkun núverandi þýrlupalls í Surtsey með lágmarks inngripi og umhverfisáhrifum og mjög hóflegum kostnaði, allavega miðað við fyrri áform. Beinn kostnaður vegna kaupa á byggingarefni var talinn vera inni við 2 milljónir króna en til viðbótar má gera ráð fyrir kostnaði vegna leigu á tækjum og búnaði og til flutninga efnis. Heildar kostnaður var því áætlaður um 3 milljónir króna.

Rétt er að geta þess að auðvelt er að fjarlægja stækkunina ef þess verður einhvern tímann krafist. Yfirborð pallsins yrði einfaldlega tekið í sundur og fjarlægt og teinarnir sem eru festir í bergið væru skornir burt.

Á grundvelli burðarpólsútreikninga tók hönnun pallsins talverðum breytingum. Pallar sem myndir voru sýndar af og voru kveikjan að útfærslunni sem hér er kynnt, hentuðu smærri vélum vel en þær eru gjarnan 2-4 tonn að þyngd. Þýrlur Landhelgisgæslunnar eru af gerðinn H225 eru mun þyngri og fullstaðar eru þær um 11 tonn. Samkvæmt gögnum frá LHG (vigtarskýrsla) er álag á framhól þýrlunnar Taka þurfti því tillit til þess við frekari útfærslu pallsins. Burðargrind er með svipuðu sniði og í fyrstu drögum en þéttari, auk þess sem burðarbitar eru efnismeiri og hafðir tvöfaldir (samlímdir). Megin munurinn er að yfirborð pallsins er úr grindarefni úr

galvaníseruðu stáli. Þykkt grindanna eru 60 mm og er þær festar ofan á burðargrindina. Þyngdarálág á framhjól á fullhlaðinni vél er um 5,5 tonn og því þarf burðargrindin og yfirborð pallsins að þola rúmlega það.


Verkís var fengið til að reikna burðarþol pallsins og stenst pallurinn álagskröfurnar með umræddu yfirborðsefni og styrktri burðargrind.

Kostnaður eykst umtalsvert við þessar breytingar og er talinn vera um 9 milljónir króna en yfirborðsgrindurnar einar sér kosta um 6.1 milljón með virðisaukaskatti.

f. h. stjórnar Surtseyjarfélagsins

Sigurður Sveinn Jónsson


Gunnar Viðar Gunnarsson




Mynd 1. Teikning af núverandi þýrlupalli sem gerður er úr forsteyptum einingum sem eru 1,5 x 3,0 m að stærð og 18 cm þykkar. Þyngd hverrar plötu eru m 2000 kg, miðað við eðlisþyngd steypu um 2,5 g/cm³. Stærð pallsins er 6 x 6 m. Umhverfis pallinn er hraungrýti og frekar lítið laust efni.

1 GRUNNMYND
1:50

Lausn 2: 2x45x245 dregarar með undirstöður á 1,2m bili
og stálgrindur 60/4 ofan á langbitana.



2 GRUNNMYND
1:50



a SNÍÐ
1:10

DRÖG
2026-04-30 11:29



www.verkis.is • sími: +354 422 8000

DAMPYKKI:

ÚTG. DAGS SKYRSLA HÁNN

VERKJANG TERNING

©2026 Verkis og önnur höfundar. Öll réttindi eru varðveitt. Öll skýringar eru tilkoma.